

Heilbrigðissamþykkt

fyrir

Breiðdalshrepp í Suðurmúlasýslu,

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin hefir gildi fyrir Breiðdalshrepp.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs og annar, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum hreppsins.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmenn eða hjeraðslæknir óska þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á ári, hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gjörðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriptir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ákvarðanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til sýslumanns.

Hjeraðslæknir og sýslumaður eiga heimtingu á að sitja á fundum nefndarinnar, og taka þátt í umræðunum, en ekki hafa þeir atkvæðisrjett. Formaður skal boða þeim fundinn í tæka tíð.

Ritfangakostnað og kostnað, er hlýzt af brjefaskriptum, skal greiða úr hreppssjóði eptir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum. Nefndinni skal heimilt að rannsaka allt það, er umræðir í þessari samþykkt, eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannaþæri eða einstakra eign. Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, er samþykktin nær yfir og er henni heimilt að skipta þessu starfi milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmaður, annar en formaður, krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umboði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt umboð frá formanni nefndarinnar. Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók allt það, er hún finnur aðfinnsluvert, samkvæmt þessari samþykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gjöra til umbóta, ella tilkynni sýslumanni, ef um brot er að ræða gegn samþykktinni.

5. gr.

107
23. ág.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hreppsnefnd skylt að leggja það fram til bráðabirgða, en getur, ef hún er ósamþykk, skotið málinu til sýslunefndar.

II. Um fráræslu.

6. gr.

Eldhússkolp og þvottaskolp má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á því, að jarðvegurinn undir húsunum saurgist; skal veita öllu skolpi burt frá húsum í opnum eða lokuðum ræsum svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

Öll skolpræsi, hvort heldur eru á almannafæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi flói útaf þeim og hvergi komi pollar eða vilpur; skal hreinsu þau svo opt, að ekki leggi ódaun úr þeim. Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsyn á því, að vatnsheldur botn sje gjörður í nokkurt ræsi, þá er henni heimilt að heimta slíka aðgjörð.

7. gr.

Ef ræsi er gjört fram með alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga frammeð veginum, skyldir að gjöra skolpræsi hver frá sínu húsi úti göturæsið, og skulu þau ræsi ekki lakari að gjörð en göturæsið.

III. Um vatnsból.

8. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum; er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rennsli úr skolpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum, og má ekki láta í þau eða nærri þeim neins konar saurindi, sorp, slor eða hræ og ekki þvo í þeim eða fast við þau hvorki fatnað, nje fisk, nje ull, eða neitt það annað, er óhreinkar vatnið, eins fyrir því þótt um straumvatn sje að ræða; bannað er og að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða nærri þeim.

9. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum, en svo að milli bilið sje 15 álnir. Nú vill einhver gjöra nýan brunn eða breyta gömlum brunni og skal hann tilkynna það heilbrigðisnefndinni, en hún skal leggja dóm á vatnið, þá er greptri eða borun er lokið, hvort það er nýtilegt, og hafa gát á því að brunnurinn sje gjörður á þann hátt, sem hjer segir:

Ef brunnurinn er grafinn, þá skal hlaða hann upp að innan úr höggnu

107. grjóti eða hörðum múrsteini og lima stein við stein með steinlími, og skal hleðsl-
 23. ágúst an þannig gjörð svo langt að neðan, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa, en aldrei
 skemur en nemi 2 álnum. Í stað slíkrar hleðslu má heilbrigðisnefnd leyfa að
 hafa steinsteypu. Niður með hleðslunni að utan skal láta einhverskonar lím-
 kenndan leir og skal það lag vera 1 alin á þykkt.

Hleðslan skal ná $\frac{1}{4}$ alin eða meira uppúr jörðinni og útfrá brunn-
 barminum skal leggja eða steypa steinkraga og skal hann vera $1\frac{1}{2}$ alin á
 breidd að minnsta kosti og halla útfrá brunnopinu.

Yfir brunnopinu skal vera vatnsheldur hlemmur og skal taka vatn úr
 brunninum með dælu, er gangi í gegnum miðjan hlemminn, en upp með dæl-
 unni skal ganga strompur, með hatti yfir, svo að loptið komist að vatninu.

Þar sem strjálbyggt er og engin óhreinindi í nánd, má heilbrigðisnefnd
 leyfa að brunnar sjeu gjörðir úr grjóti án steinlíms og vatnið halað uppí fötu.
 Utanum opna brunna skulu jafnan vera grindur, er sjeu í minnsta lagi $1\frac{1}{2}$
 alin að hæð.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsak-
 ir, ef hún álitur vatnið óheilnæmt.

Ef læknisrannsókn leiðir í ljós, að vatnið sje skaðvænt og ekki er unnt
 að gjöra við brunninn svo að vatnið verði ósaknæmt, þá skal heilbrigðisnefnd
 skipa eiganda að moka ofani brunninn og fylla hann svo, að engu vatni verði
 úr honum náð.

IV. Um peningshús o. s. frv.

11. gr.

Stórgripi eða sauðfje má eigi hafa í mannahúsum, nema því að eins að
 gripir hafi sjerstakar útgöngudyr og að öðru leyti sje svo vel umbúið, að eng-
 inn daunn stafi af.

Heilbrigðisnefnd skal segja fyrir um hvernig milligerð skuli hagað.

12. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús, eða gjöra for, eða haugstæði eða haug-
 hús, þá skal hann gjöra heilbrigðisnefnd aðvart áðuren hann byrjar verkið og
 skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara áeptir.

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum, fjós má
 ekki setja nær alfaravegi en nemi 10 álnum.

For má ekki gjöra og ekki hafa haug nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en
 nemi 10 álnum og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum.

Forarveggir skulu jafnan ná $\frac{1}{4}$ alin eða meir uppúr jörðu og skal hafa
 yfir hverri for sterkan hlera, svo að öruggt sje um að menn eða skepnur geti
 ekki fallið í forina.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga 107 og haughús og heimtað, að forir skuli gjöra úr höggnu grjóti og steinlími, eða 23. ágúst steinsteypu, svoað þær sjeu vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

13. gr.

Ef peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykkt, valda miklum óþrifum, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greina, en heimilt er þá eiganda að skjóta fyrirskipan nefndarinnar á 8 daga fresti undir úrskurð sýslumanns; sýslumaður skal leita álits hjeraðslæknis og þvínæst kveður upp úrskurði í málinu svo fljótt sem verða má.

V. Um salerni.

14. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni og skal það ekki vera nær dyrum, gluggum eða vindaugum á húsinu, en nemi 5 álnum og ekki nær vatnsbólí en nemi 15 álnum.

Gólfíð í salerninu skal vera steinsteypt og hærra en jarðvegurinn í kring; hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan og skal hann ná fast uppað setunni.

Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innanhúss í sjerstökum klefum, ef vandlega er umbúið.

Ef vatnsheld for er gjörð hjá húsinu, má heilbrigðisnefnd leyfa að hafa salernið yfir forinni, þannig að saurindin fari beina leið í forina.

15. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein og saurlátin skal tæma óðar en þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja til um hvar láta megi saurindi úr salernum.

16. gr.

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykkt, eða þau ein, sem illa eru gjörð og mikill óþrifnaður að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir gjöri ný salerni á þann hátt, er segir í 14. gr.

VI. Um sorp og önnur óbreinindi.

17. gr.

Sorphaugar eða sorpgryfjur skulu ekki vera nær íbúðarhúsum en nemi 5 álnum og ekki nær vatnsbólum en nemi 15 álnum á jafnsljettu. Flytja skal þurtu allt sorpið að minnsta kosti tvisvar á ári, vor og haust. Ef hús standa

107 þjett saman, getur heilbrigðisnefnd heimtað að sorpi og ösku sje safnað í laus 28. ágúst ílát úr málmí og flutt burtu óðar en ílátin fyllast.

18. gr.

Allan fiskúrgang skal í sjóþorpum að jafnaði hirða og flytja í forir eða láta þar, sem heilbrigðisnefnd mælir fyrir. Þar sem sjerstaklega stendur á og verskálar eru fjarri grasbýli, getur heilbrigðisnefnd leyft að kasta úrganginum í sjóinn.

19. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast kringum hús manna, svoað fýlulopt eða daunillt rennsli fer út á alfaraveg eða inn á eignir þeirra, er næstir búa, þá getur heilbrigðisnefnd skipað húsráðanda þeim, er óþrifnaðinum veldur, að flytja burtu óhreinindin tafarlaust.

VII. Um iðnað, er óþrifnaður fylgir o. s. frv.

20. gr.

Hver sá iðnaður, er óhollusta fylgir eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðsla, sýtun o. s. frv., skal vera háður eptirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir, bæði utanhúss og innan.

VIII. Um bökunarstofur.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum bökunarstofum í sveitinni og skipa bakara að þvo gólf, lopt og vegg, hvenær sem óhreint er.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgjörð, sem lungnatæringu hafa eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

Deig má ekki hnoða með fótunum. Öll tóbaksnautn er bönnuð í bökunarstofu og enginn má sofa í stofunni.

IX. Um matvöru.

22. gr.

Kjöt af pestdaudum skepnum, sem drepizt hafa úr næmum eða óþekktum sjúkdómi, má eigi selja til manneldis, og má heldur eigi nota það, ef nokkur minnsti grunur leikur á, að skepnan hafi drepizt úr miltisbrandi.

Sjerstaklega skal heilbrigðisnefnd gæta þess, að sullir sjeu hirtir á blóðvelli og gjörðir óskaðlegir.

X. Um íbúðarhús.

107

23. ágúst

23. gr.

Öll þau hús, sem leigð eru til íbúðar, þar með taldar sjóbúðir, skulu vera svo gjörð, að unnt sje að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum að minnsta kosti einn í hverju herbergi og trjególf í öllum íverustofum.

Heilbrigðisnefndin má heimta af leigjanda eða eiganda, að ræstað sje herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint, að nefndin álitur húsbúum hættu búna.

24. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gjört eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álitur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina.

Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma, svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda frjálst á 8 daga fresti að skjóta skipan nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits hjeraðslæknis og þvínæst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

25. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndarinnar.

Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllurum, ef þeir eru mjög rakir, eða dimmir, eða þröngir.

Undir íbúðarhúsum, sem reist eru hjereptir, má ekki hafa kjallara svo gjörða, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

XI. Um skóla.

26. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minnsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá er tekur til kennslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd, hvar hann ætlar að kenna.

27. gr.

Hver kennslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 80 rúmfet komi á hvert barn í minnsta lagi. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á degi hverjum en ekki sópa.

28. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður í skóla vör við börn eða kennara, er hafa

107 einhvern næman sjúkdóm, þá skal hún þegar tilkynna hjeradslækni nöfn og 28. ágúst heimili þeirra, sem sjúkir eru.

Ef skólabarn eða kennari hefir berklasótt og læknir álitur að um mikla sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað að barnið eða kennarinn komi í skólann, þar til er sóttnæmishættan að dómi læknis er um garð gengin.

Hold sveik börn mega ekki ganga í skóla og holdsveikir menn ekki fást við barnakennslu.

XII. Um næma sjúkdóma.

29. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjeradslækni við sóttvörnina.

Ef upp kemur alvarlega næmur sjúkdómur á því svæði, er samþykktin nær yfir eða nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt í samráði við hjeradslækni að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli, en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utanhúss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIII. Um kirkjugarða.

30. gr.

Þá er gjöra skal nýjan kirkjugarð, eða stækka gamlan garð, skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimtað að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni.

Vatnsból skulu ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku, en nemi 100 álnum.

Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir.

Grafa skal svo djúpt, að 2 álna moldarlag sje ofaná kistu.

XIV. Um sektir o. fl.

31. gr.

Heilbrigðisnefnd skal fá borgun fyrir starf það, sem samþykkt þessi leggur henni á herðar, úr hreppsjóði, samkvæmt gefnum reikningi, er hreppsnefnd samþykki. Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar út af reikningum þessum, skal sýslumaður skera úr málinu.

32. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt eða vanrækja að framkvæma á settum

fresti nokkra þá fyrirskipan, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varð- **107**
ar það alltað 200 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð. 23. ágúst

Ef heilbrigðisnefnd kys heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hef-
ir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og
skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka það lög-
taki hjá þeim, er sekur er.

33. gr.

Samþykktin öðlast gildi 1. janúar 1905.

Samþykkt þessi, sem orðin er til á þann hátt, sem mælt er fyrir um í
1. gr. í lögum 23. október 1903 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveit-
arfjélög, er staðfest af amtsráði Austuramtsins.

Amtsráð Austuramtsins, 23. ágúst 1904.

Páll Briem.

Reglugjörð

108
23. ágúst

um fjallskil í Þingeyjarsýslu.

Amtsráðin í Norðuramtinu og Austuramtinu gjöra kunnugt:
Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda
og lögum 24. nóvbr. 1903 um breyting á tyrnefndum lögum er hjermeð staðfest
og löggilt eptirfylgjandi

REGLUGJÖRÐ

um fjallskil í vesturhluta Þingeyjarsýslu.

(endurskoðuð 1904).

I. Um afrjetti.

1. gr.

Suðurþingeyjarsýsla ásamt Keldunesshreppi í Norðurþingeyjarsýslu skipt-
ist eptir landsháttum í 3 fjallskilafjélög þannig: á öllu svæðinu milli Jökulsár
og Skjálfandafjós sje eitt fjallskilafjelag; annað fjallskilafjelag sje á svæðinu
vestan Skjálfandafjós og norðan Ljósavatnsskarðs, vestur í Fnjóskadal hjá
Skógum og þaðan yfir Vaðlaheiði að Veigastöðum á Svalbarðsströnd; hið þriðja